



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 28. ágúst 2015
1506026 SPH/hs

Afgreiðsla skipulags- og umhverfisráðs

Mat á umhverfisáhrifum - C flokkur

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 20. ágúst s.l. var fjallað um tölvupóst Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum C flokki.

Bókun ráðsins:

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að annast fyrir sína hönd ákvarðanir um framkvæmdir í flokki C um mat á umhverfisáhrifum sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 6 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Virðingarfyllst,

Sigurður Páll Harðarsson
sviðstjóri

Meðfylgjandi: Lagagreinar sem vísað er til

Sveitarstjórnarlög

2011 nr. 138 28. september

42. gr. *Framsal sveitarstjórnar á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að fela fastanefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því. Ef fastanefnd er falið vald samkvæmt þessari málsgrein skal fjöldi nefndarmanna standa á oddatölu.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum er sveitarstjórn heimilt að fela einstökum starfsmönnum sveitarfélags fullnaðarafgreiðslu mála. Sveitarstjórn, byggðarráð eða hlutaðeigandi fastanefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem eru teknar á grundvelli hennar. Þessi málsgrein hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsmanna sveitarfélags til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélags og teljast leiða af stöðuumboði þeirra.

Sá starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. 2. mgr., eða þriðjungur hlutaðeigandi fastanefndar skv. 1. mgr., getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi fastanefnd samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins taki ákvörðun í máli.

Þegar sveitarstjórn nýtir heimildir skv. 1. eða 2. mgr. skal jafnframt kveða á um það í samþykkt sveitarfélagsins hver skuli taka fullnaðarákvörðun í máli skv. 3. mgr. og hvernig skuli fara með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

Skipulagslög

2010 nr. 123 22. september

■ **6. gr.** *Skipulagsnefndir.*

Í hverju sveitarfélagi skal starfa skipulagsnefnd sem kjörin er af sveitarstjórn.

Skipulagsnefndir fara með skipulagsmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana, undir yfirstjórn sveitarstjórna. Sveitarstjórn er heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að fela skipulagsnefnd eða öðrum aðilum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins heimild til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum, sbr. [44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998](#), svo sem afgreiðslu deiliskipulagsáætlana og útgáfu framkvæmdaleyfa. Afgreiðsla á svæðis- og aðalskipulagi er þó ávallt háð samþykki sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna skipulagsnefndar. Um skipulagsnefndir og störf þeirra gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.